

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

192. FUNDUR.

192. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 8. desember árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti bar upp tillögu um að bæta á dagskrá sem 7. lið, leyfi sveitarstjóra. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. **Fjárhagsáætlun Húnaþings vestra fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki árið 2012. Síðari umræða.** Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2012 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi greinargerð við fjárhagsáætlun Húnaþings vestra árið 2012

Um gerð fjárhagsáætlunar 2012.

Á síðustu árum hefur rekstrarumhverfi íslenskra sveitarfélaga verið afar óstöðugt. Frá árinu 2008 hafa orðið veigamiklar breytingar í hinu efnahagslega samhengi sem snerta rekstur og afkomu sveitarfélaganna. Undanfarin ár hafa þannig einkennst af óvissu um veigamikla þætti er snerta fjárhagsáætlunargerðina t.d. varðandi tekju- og útgjaldaáætlun, áætlun fjármagnsliða, lánskjör, vexti og verðbólguþig. Við þessar aðstæður er mikilvægt að aðhalds sé gætt í rekstri og ekki sé aukið á skuldsetningu sveitarfélagsins. Hörmuleg áhrif óhóflegrar skuldsetningar fyrirtækja, heimila og sveitarfélaga blasa hvarvetna við og því er nauðsynlegt að ítreka að núverandi sveitarstjórn hyggst ekki feta þá braut heldur reyna af fremsta megni að lækka skuldir Húnaþings vestra.

Við þær óvissu aðstæður sem hér hafa verið nefndar vann sveitarstjórn Húnaþings vestra að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012. Fulltrúar í meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar hafa unnið saman að gerð fjárhagsáætlunarinnar fyrir komandi rekstrarár ásamt sveitarstjóra og skrifstofustjóra. Fjárhagsáætlunir einstakra deilda voru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og skal þeim þakkað fyrir einlægan vilja og jákvæðni sem þeir hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill einnig þakka forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins og starfsmönnum fyrir að hafa gætt aðhalds og sparnaðar í rekstri.

Í fjárhagsáætlunargerð ársins 2012 hefur verið lögð áhersla á að auka ekki á skuldsetningu sveitarfélagsins heldur reyna að greiða niður skuldir eftir fremsta megni. Á árinu 2011 var víða leitað eftir möguleikum til hagræðingar og aðhalds í rekstri hefur verið gætt og verður svo áfram á árinu 2012. Engu að síður er nauðsynlegt að greina frekar möguleika til lækkunar rekstrar og launakostnaðar í einstökum stofnunum sveitarfélagsins.

Lögð hefur verið áhersla á að ná fram frumjöfnuði á milli tekna og gjalda sveitarfélagsins og þannig má nefna að um langt árabíl hefur fjárhagsáætlun Húnaþings vestra ekki verið afgreidd með jafn litlum halla og nú. Þetta hefur tekist þrátt fyrir örðugt rekstarumhverfi sveitarfélagsins. Á árinu 2011 lækkuðu framlög

frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga umtalsvert og enn er óvissa um framlög á árinu 2012. Þá hafði kjarasamningsgerð á árinu 2011 veruleg áhrif á útgjöld sveitarfélagsins og munu þau einnig koma fram á árinu 2012. Þá hefur verðbólga verið mun hærra en þjóðhagsáætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi árs 2011 og útlit er fyrir að verðbólga muni áfram verða um og yfir 4% á árinu 2012. Í fjárhagsáætlun ársins 2012 er gert ráð fyrir 4,2% verðbólgu og kemur það óhjákvæmilega fram í hærri fjármagnskostnaði en æskilegt getur talist. Bent skal á að niðurstaða fjárhagsáætlunar ársins 2012 er jákvæð fyrir fjármagnsliði. Þá skal nefnt að þrátt fyrir íþyngjandi rekstrarumhverfi hefur sveitarstjórn ekki valið þá leið að hækka skatta á íbúa sveitarfélagsins og miðað hefur verið við að gjaldskrárbreytingar séu almennt í samræmi við verðlagsbreytingar.

Sá árangur sem birtist í fjárhagsáætlun Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2012 er afar gleðilegur en jafnframt nauðsynlegur þar sem auknar kröfur munu verða lagðar á sveitarfélögin í landinu með nýjum fjármálareglum sem taka munu gildi um nk. áramót. Þá verður allt eftirlit með fjármálum þeirra hert að mun og má í því samhengi t.d. nefna að hömlur verða lagðar á skuldsetningu sveitarfélaga og þeim verður óheimilt að samþykka fjárhagsáætlanir með neikvæðri rekstrarniðurstöðu.

Á árinu 2012 er gert ráð fyrir nokkrum fjárfestingum og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins má þar t.d. nefna gatna- og gangstéttarframkvæmdir, áframhaldandi uppbyggingu grasvallar í Kirkjuhvammi og útivistarsvæðis við Syðri-Hvammsá, gatnalýsingu auk fjárfestinga og framkvæmda á vegum vatnsveitu og fráveitu. Á árinu 2012 er gert ráð fyrir fjárfestingu vegna uppbyggingar námsvers vegna dreifnáms sem hefjast mun nk. haust. Um langa hríð hefur verið stefnt að því að hefja dreifnám á Hvammstanga í samvinnu við Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra (FNV) og náðist sá gleðilegi áfangi nýverið og var stuðningur ríkisins í tengslum við Landshlutaáætlun 2020 staðfestur með samþykkt fjárlaga á Alþingi 7. desember sl. Sveitarstjórn Húnaþings vestra, FNV og Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafa unnið að undirbúningi þessa verkefnis og hefur sú trausta samvinna og samstarf skilað þessum árangri. Þá skal þess getið að sveitarstjórn hefur átt í viðræðum við Símann og beitt sér fyrir því að í upphafi árs 2012 verða gerðar breytingar á símsstöðvum á Hvammstanga og Laugarbakka svo unnt verði að auka nethraða og gagnaflutningsgetu kerfisins á þeim stöðum og í næsta nágrenni þeirra en slíkt er afar mikilvæg aðgerð til stuðnings íbúunum, stofnunum, fyrirtækjum og dreifnáminu. Auk þess mun íbúum á sömu svæðum gefast kostur á að tengjast fjölbreyttu þjónustuframboði Símanns m.a. með aðgengi að fjölmörgum sjónvarps og útvarpsrásum.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2012:

Áætlunin er lögð fram með 7,6 millj. kr. tekjuafgangi af rekstri Aðalsjóðs og 93 þús. kr. halla af rekstri A-hluta samstæðunnar.

Áætlað er að Fráveita og Hitaveita skili rekstarafgangi en að önnur B-hluta fyrirtæki séu rekin með halla. Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 32,7 millj. kr. en heildarniðurstaða samstæðunnar er neikvæð um 23,0 millj. kr.

Tekjur A-hluta eru áætlaðar 848,3 millj. kr. en gjöld 841,5 millj. kr.

Tekjur samstæðunnar eru áætlaðar 975,6 millj. kr. en gjöld 942,9 millj. kr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir 55,8 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri til greiðslu afborgana lána og til fjárfestinga er kr. 49,7 millj. kr.

Gert er ráð fyrir nýjum lántökum að upphæð kr. 34,0 millj. kr. og afborgunum lána að fjárhæð 68,2 millj. kr.

Handbært fé í árslok er áætlað kr. 32,8 millj. kr. sem er lækkun um 12,9 millj. kr. frá ársbyrjun.

Lögð fram eftirfarandi bókun vegna fjárhagsáætlunar 2012. „ Fulltrúar B-lista lýsa ánægju með samstarf innan sveitarstjórnar við vinnu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 og að í áætluninni birtast áherslur bæði minni og meirihluta.“

2. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 724. fundar frá 14. nóvember s.l. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 725. fundar frá 14. nóvember s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 726. fundar frá 16. nóvember s.l. Fundargerð í 1 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 727. fundar frá 21. nóvember s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 728. fundar frá 23. nóvember s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 729. fundar frá 28. nóvember s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 730. fundar frá 5. desember s.l. Fundargerð í 11 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda.

3. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 121. fundar frá 7. desember s.l. Fundargerð í 7 liðum. Borin fram eftirfarandi tillaga varðandi 7. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra að afla nánari upplýsinga um málið frá fræðslu- og félagsmálastjóra og leggja fyrir byggðarráð“ Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð Skipulags-og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 203. fundar frá 1. desember s.l. Fundargerð í 5 liðum. Borin fram eftirfarandi tillaga vegna dagskrárliðar 1.a. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa tillögu um breytingu á deiliskipulagi í Kirkjuhvammi.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna dagskrárliðar 5 „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu á erindi Fjarska ehf vegna lagningar ljósleiðara frá Blöndustöð að lokahúsi við Kolkustíflu og að tengivirki Landsnets við Hrútatungu. Sveitarstjóra og forstöðumanni tæknideildar falið að afla nánari upplýsinga.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð Landbúnaðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 106. fundar frá 1. desember s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Sameining Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.

Lög fram eftirfarandi tillaga við 6. dagskrárliðar – Sameining Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. „Úrslit almennrar atkvæðagreiðslu í Húnaþingi vestra um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra sem fram fór þann 3. desember sl. eru eftirfarandi:

Kjósendur á kjörskrá voru alls 823

Atkvæði greiddu alls 323 eða 39,25%

Já sögðu: 271 eða 83,9%

Nei sögðu: 50 eða 15,4%

Auðir og ógildir voru 2 eða 0.7%

Fyrir liggur að sameining Bæjarhrepps og Húnaþings vestra var samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu í báðum sveitarfélögunum. Í kjölfar umræðu sveitarstjórnar um tilhögun einstakra málefna hins sameinaða sveitarfélags og í samræmi við 93. gr. sveitarstjórnalaga nr. 45/1998 og tillögu samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að fela sveitarstjóra að skrifa beiðni til innanríkisráðuneytis um staðfestingu ráðuneytisins á sameiningu Húnaþings vestra og Bæjarhrepps og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þar sem eftirfarandi komi fram:

- Sameining Bæjarhrepps og Húnaþings vestra skuli taka gildi 1. janúar 2012.
- Hið sameinaða sveitarfélag taki yfir allt land sem nú tilheyrir sveitarfélögunum tveimur.
- Íbúar sveitarfélaganna verði íbúar hins sameinaða sveitarfélags.
- Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyrja þessum tveimur sveitarfélögum skuli falla til hins sameinaða sveitarfélags.
- Skjöl og bókhaldsgögn sveitarfélaganna skuli afhent hinu sameinaða sveitarfélagi.
- Nafn hins sameinaða sveitarfélags verði Húnaþing vestra.
- Merki nýs sveitarfélags verði það sama og í dag er hjá Húnaþingi vestra.
- Sveitarstjórn Húnaþings vestra fer með stjórn hins sameinaða sveitarfélags fram að almennum sveitarstjórnarkosningum vorið 2014.
- Áheyrnarfulltrúi frá Bæjarhreppi verði skipaður í allar nefndir og ráð hins sameinaða sveitarfélags af núverandi hreppsnefnd Bæjarhrepps fram að almennum sveitarstjórnarkosningum vorið 2014
- Yfirstjórn sveitarfélagsins verði staðsett á Hvammstanga
- Kjósa skal 7 fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, við almennar sveitarstjórnarkosningar vorið 2014.

- Kjörstjórn Húnaþings vestra verði kjörstjórn hins sameinaða sveitarfélags fram yfir almennar sveitarstjórnarkosningar vorið 2014.
- Athygli ráðuneytisins er vakin á að sveitarfélögin eru í umdæmi tveggja sýslumanna og því verði ráðuneytið að leita umsagnar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins vegna sameiningarinnar, sbr. 2. mgr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Það er von sveitarstjórnar Húnaþings vestra að sameining sveitarfélaganna verði til heilla fyrir alla íbúa hins sameinaða sveitarfélags. Sveitarstjórn Húnaþings vestra væntir þess einnig að sameiningin muni styrkja innviði samfélagsins svo og stjórnslu og rekstur hins sameinaða sveitarfélags.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. dagskrárliður – Leyfi sveitarstjóra.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra tímabundið launalaust leyfi frá störfum frá næstu áramótum og fram á vor. Á tímabilinu mun sveitarstjóri sinna störfum 1 viku í mánuði. Í fjarveru sveitarstjóra munu oddviti og skrifstofustjóri annast störf sveitarstjóra. Sveitarstjórn samþykkir að á sama tímabili verði oddvitalaun tvöfölduð. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 16:56

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Elín R. Líndal

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari.